

Hafnarfjarðarbær
Anna Margrét Tómasdóttir
Strandgötu 6
220 Hafnarfjörður

Reykjavík, 13. desember 2023
UST202311-326/A.B.
10.04.02

Efni: Lýsing - Breyting á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 - Miðsvæði M7 í svæði fyrir samfélagsþjónustu S42 og tilfærsla á Hamarshöfn H6

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Hafnarfjarðar er barst 30. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025, vegna fyrirhugaðrar breytingu á hluta Miðsvæðis M7 í svæði fyrir samfélagsþjónustu S42 og tilfærsla á Hamarshöfn H6.

Í greinargerð kemur fram breytingin nær til miðsvæði M7 sem er 6,8 ha svæði og það verði að hluta til svæði fyrir samfélagsþjónustu S42 alls 5,3 ha að stærð. Einnig er gert ráð fyrir að hafnargarður Hamarshafnar færist til norðurs á móts við Strandgötu 53.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að fjallað sé um umhverfisáhrif landfyllingar og hafnargarðs í tillögunni.

Landfylling

Í greinargerð kemur fram að Hamarshöfn verði ný lystibátahöfn á landfyllingu við sjávarbakka. Í breytingunni er gert ráð fyrir að hafnargarðurinn við höfnina færist um 20 m til norðurs og nær þá að nyrðri enda ípróttahússins við Strandgötu 53.

Umhverfisstofnun bendir á að varðandi hafnargarðinn er mikilvægt að fjallað sé um stærð hans og lengd, efnispörf og hvaðan efnið kemur ef við á. Varðandi landfyllinguna, þá vill Umhverfisstofnun benda á að ef gert er ráð fyrir opinni landfyllingu er um að ræða varp í hafið samkvæmt 9. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda. Leyfi Umhverfisstofnunar þarf varðandi varps efnis í hafið, en samkvæmt 9. gr. laganna er varp efna og hluta í hafið óheimilt. Umhverfisstofnun getur þó, að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunar, veitt leyfi til að eftirtöldum efnum og hlutum sé varpað í hafið:

- a. dýpkunarefnum,
- b. náttúrulegum, óvirkum efnum, þ.e. föstum jarðefnum sem ekki hafa verið unnin efnafræðilega og samsett eru úr efnum sem ólíklegt er að losni út í hafsvæðið,
- c. fiskúrgangi frá fiskverkunarstöðvum í landi, enda standi sérstaklega á.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að með umsókn um varp í hafið þurfa að berast stofnunni upplýsingar samkvæmt viðauka I við leiðbeinandi reglur um meðferð dýpkunarefnis.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Rakel Sæmundsdóttir

sérfræðingur